

Mánudaginn 19. marz 1945.

Nr. 1/1944. **Gunnar Ólafsson** (Kristján Guðlaugsson)
gegn

Bæjarstjórn Vestmannaeyja f. h. bæjarsjóðs
(Sigurður Ólason).

Ómerking og visun frá héraðsdómi vegna ófullnægjandi
málsútlistunar.

Dómur hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi flutti sjálfur mál sitt í héraði. Hann gerði þar kröfu um fébætur vegna verðrýrnunar og tjóns á húsi sínu Dagsbrún nr. 8 við Kirkjuveg í Vestmannaeyjum, er varð af breytingu á skipulagi kaupstaðar þessa. Nauðsyn var að láta fara fram matsgerð til að sannreyna tjón áfrýjanda, en slíkt mat hefur ekki verið framkvæmt, áður en málið var tekið endanlega til dóms í héraði sbr. 137. gr. laga nr. 85/1936. Héraðsdómari benti áfrýjanda á dómþingi 19. febrúar 1943 á þörf virðingar, en er áfrýjandi tók þá ábendingu ekki til greina, bar dómara að leiða athygli áfrýjanda að því, að visa ætti málinu frá héraðsdómi, ef ekki væri farið að þessum leiðbeiningum. Þá var ekki lagður fram í héraði skipulagsuppdráttur né aðrir uppdrættir af afstöðu á svæði því, er í málinu greinir.

Þeir gallar aðrir eru og á meðferð málsins, að skriflegur málflutningur var ákveðinn, áður en greinargerð samkvæmt 106. gr. áðurnefndra laga var lögð fram, að ekki var veittur sameiginlegur frestur til gagnasöfnunar eftir 110. gr. laganna og að málflutningi er lokið með bókunum í þingbók eftir því sem tíðkaðist áður en lög nr. 85/1936 komu til framkvæmdar.

Samkvæmt þessu verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð og visa málinu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins eiga að vera ómerk, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 13. maí 1943.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 15. þ. m., er höfðað af Gunnari Ólafssyni kaupmanni, Vík í Vestmannaeyjum, með stefnu út. 14. nóv. 1942, birtri 17. s. m., á hendur bæjarstjórn Vestmannaeyja f. h. bæjarsjóðs, þeim Ásthór Matthíassyni, Sóla, Ársæli Sveinssyni, Fögrubrekku, Guðlaugi Gíslasyni, Skólaveg 21, Guðlaugi Hanssyni, Fögruvöllum, Ísleifi Högnasyni, Faxastíg 5, Einari Sigurðssyni, Skólaveg 1, Sighvati Bjarnasyni, Ási, Sveini Guðmundssyni, Arnarstapa og Páli Þorbjarnarsyni, Bifröst, öllum hér í bæ, til þess að bæta það tjón, sem stefnandi kveðst hafa orðið fyrir við það að Kirkjuveginum hafi verið lokað fyrir allri umferð og húseign hans Dagsbrún gerð óhæf til verzlunarrekstrar og óaðgengilegri til íbúðar svo og til greiðslu málskostnaðar.

Gerir stefnandi þær réttarkröfur aðallega, að stefndur verði dæmdur til þess að flytja hús hans Dagsbrún, nr. 8 við Kirkjuveg, óskemmt að nýjum vegi fyrir norðan húsið, byggja þar kjallara undir húsið eigi verri en þann, sem húsið stendur nú á, og snúa húsinu þannig, að aðalhlið þess snúi að hinum nýja vegi, en til vara, að stefndur verði dæmdur til að greiða honum kostnað við væntanlegan flutning hússins í samræmi við aðalkröfuna með kr. 15000.00 — með því peningagildi, sem var í september 1941, en sem hann nú telur ekki minna en ca kr. 30000.00, auk 6% ársvaxta af þeirri upphæð frá sáttakærudegi 3. nóvember 1942 til greiðsludags.

Enn fremur krefst stefnandi þess, að stefndur verði dæmdur til að bæta við lóð Dagsbrúnar meðfram hinum nýja vegi af óbyggðri lóð milli Dagsbrúnar og hússins Þingvellir, þannig að stærð lóðarinnar verði 900 ferálnir, eins og hún hafi verið í upphafi.

Svo krefst stefnandi og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Stefnandi gerir þá grein fyrir kröfum sínum, að bæjarstjórn Vestmannaeyja hafi breytt umhorfi húseignarinnar Dagsbrúnar og gert húsið lítt byggilegt móts við það, sem áður var. Hann segir, að lóðin, sem tilheyrir húsinu, hafi í upphafi verið byggð sem verzlunarlóð, og verzlun hafi einnig jafnan verið rekin í húsinu frá því það var byggt 1911, að ca einu ári undanteknu, þar til siðastliðið sumar, er kaupmaðurinn, sem þá rak verzlun þar, flutti burtu vegna lokunar Kirkjuvegarins. Lýsir stefnandi legu hússins þannig fyrir breytinguna, að það hafi staðið við elztu,

lengstu og fjölförnustu götu bæjarins. Kirkjuveginn, sem hafi legið frá kirkjunni alla leið niður að sjó, þar sem Bæjarbryggjan tekur við. Hafi aðalhlíð hússins (austurhlíð) með búðargluggum og búðardryrum snúið að Kirkjuveginum, en suðurendi þess snúið að Miðstræti, eins og enn er, og hafi því verið opin leið að húsinu á þrjá vegu, og hafi engum dottið í hug, að á þessu yrði gerð nein breyting. En fyrir nokkrum árum hafi rafstöðin, sem er nr. 10 við Kirkjuveg og stendur gegnt Dagsbrún hinum megin við Miðstræti, verið stækkuð austur á Kirkjuveginn, og hafi veginum þar með verið lokað fyrir allri umferð ökutækja, þótt hann hins vegar væri fær gangandi mönnum. Um leið og þetta var gert, hafði komið nýr vegur út úr vesturhlíð Kirkjuvegarins með stefnu fyrir vestan rafstöðina og norðvestur á Miðstræti. Stefnandi kveðst ekki hafa fengið um þessa breytingu Kirkjuvegarins, því eftir sem áður hafi verið allgreiður vegur fyrir gangandi fólk að húsi hans, Dagsbrún.

En árið 1940 lét bæjarstjórnin, eftir því sem stefndur heldur fram, flytja húsið Þingvelli þvert yfir Kirkjuveginn og upp að húsinu Þingholti, sem er nr. 5 við Kirkjuveg. Sé nú aðeins 2 metra breiður stigur milli nefndra húsa, en áður hafi Kirkjuvegurinn verið þarna 10 metrar á breidd. Telur stefnandi, að með þessum aðgerðum hafi Kirkjuveginum raunverulega verið lokað bæði fyrir ofan og neðan Dagsbrúnarhúsið.

Um leið og húsið Þingvellir var flutt, var nýr vegur lagður fyrir vestan húsið frá Miðstræti út á Heimatorg. Stendur Dagsbrún nokkra metra frá þessum nýja vegi og snýr bakhliðinni að honum, en aðalhlíð og aðaldyr snúa að hinum aflagða Kirkjuvegi.

Heldur stefnandi því fram, að þessar breytingar á umhverfi Dagsbrúnar, er bæjarstjórn Vestmannaeyja hafi staðið fyrir, séu á margan hátt framkvæmdar í ósamræmi við fyrirmæli gildandi laga, og hafi Dagsbrún við þær verið gerð óhæf til verzlunarrekstrar og óaðgengilegri til íbúðar en áður var. Beri því bæjar-sjóði Vestmannaeyja skylda til að bæta honum það tjón að fullu, er hann hafi beðið við þetta, en það tjón verði ekki bætt á annan hátt en þann, að kröfur hans í máli þessu nái fram að ganga.

Þá segir stefnandi, að bæjarstjórnin hafi tekið ólöglega hluta af Dagsbrúnarlóðinni undir nýjan veg vestan Þingvalla. Telur hann, að nauðsynlegt sé, að jafnstórri lóð verði bætt við Dagsbrúnarlóðina svo húseignin fái sama gildi og áður, og auk þess muni reynast erfitt að flytja húsið á réttan stað við nýja veginn, nema sömu lóðarstærð verði skilað aftur. Segir hann, að auðvelt sé fyrir stefnda að bæta úr þessu, því á milli Dagsbrúnarlóðarinnar og hússins Þingvalla sé nú óbyggð lóð, sem stefndur hafi umráð yfir.

Mætt hefur verið í málinu af hálfu stefnds og þær kröfur gerðar,

að stefndur yrði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefndum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður.

Af hálfu stefnds er það viðurkennt, að bæjarstjórnin hafi hinn 23. nóv. 1940 látið taka eignarnámi 65,5 fermetra, eða ca 164 ferálnir, af Dagsbrúnarlóðinni undir götu í nýja veginn vestan Þingvalla. Dómkvaddir matsmenn hafi metið lóðina, og eigi stefnandi aðeins heimtingu á matsverðinu. Aðrar kröfur út af lóðartökunni eigi stefnandi ekki. Varðandi kröfu stefnanda um viðbótarlóð af lóð þeirri, sem nú er óbyggð milli Dagsbrúnar og Þingvalla, er bent á það af hálfu stefnds, að lóð þessi sé ekki eign bæjarsjóðs, heldur muni ríkissjóður vera eigandi hennar og sé því þessi krafa fjarstæða.

Þá neitar stefndur því, að stefnandi eigi nokkrar kröfur vegna þeirra breytinga, sem gerðar hafa verið á umhverfi Dagsbrúnar. Segir hann, að húsið hafi ekki rýrnað að verðmæti við breytingarnar frá því, sem áður var. Húsið sé eins vel hæft til verzlunar og íbúðar, enda búi sömu leigjendur enn í húsinu og við óbreytt leigukjör og enn sé rekin verzlun í húsinu og stefnandi fái sömu leigu fyrir verzlunarlássið og áður. Þá heldur stefndur því fram, að allar þær breytingar, sem gerðar hafa verið á umhverfi Dagsbrúnar séu framkvæmdar samkvæmt skipulagsupphætti, staðfestum af ráðuneytinu og að öllu leyti lögum samkvæmt. Sá skipulagsupphætti, sem farið hafi verið eftir, hafi legið frammi almenningi til sýnis fyrir rúmum 15 árum, og sem stefndur hafi jafnan átt kost á að kynna sér síðan, en hann aldrei gert neinar athugasemdir við í tilefni af Dagsbrúnareigninni fyrr en nokkru áður en mál þetta fór af stað. Sé stefnandi þar af leiðandi fyrir löngu búinn að fyrirgera rétti sínum til þess að gera gildandi kröfur til bóta, hafi hann einhverntíma átt slíkan rétt.

Auk þess hefur stefndur það að athuga við kröfur stefnanda, að ekki sé hægt að flytja húsið að hinum nýja vegi, nema því aðeins að húsið verði flutt á lóð þriðja aðilja, þar sem stefnandi eigi ekki nægjanlegt lóðarrými við hinn nýja veg fyrir grunn hússins. Svo bendir stefndur á það, að ef húsið yrði flutt að nýja veginum, yrði lega þess miklu betri en hún hefði nokkurn tíma verið og húsið þar af leiðandi verðmeira. Enn fremur bendir stefndur á, að það sé ekki á hans valdi að flytja húsið, þar sem byggingarleyfi þurfi að koma til, sem bæjarstjórn geti ekki veitt án samþykkis byggingarnefndar, en það sé ekki fyrir hendi. Af sömu ástæðum og nú hafa verið greindar, telur stefndur, að varakrafa stefnanda um að fá tildæmdan kostnað við flutning hússins geti ekki komið til greina. Sé hvorki heimilt né mögulegt að flytja húsið, geti aldrei stofnast neinn kostnaður við flutning þess, og ekki verði menn dæmdir til að greiða kostnað, sem aldrei verður stofnað til.

Stefnandi hefur margt fært fram gegn þessum varnarástæðum stefnds. Varðandi lóðarkröfuna viðurkennir stefnandi raunar, að stefndur, bæjarsjóður Vestmannaeyja eða Vestmannaeyjabær, eigi ekki hina óbyggðu lóð milli Dagsbrúnar og Þingvalla, sem stefnandi krefst hluta af, en hann heldur því fram, að bæjarstjórn sé innanhandar að fá lóðina til umráða og bendir á í því sambandi, að samkvæmt samkomulagi milli ríkisstjórnarinnar og bæjarstjórnarinnar megi umboðsmaður þjóðjarða hér ekki byggja neinum manni landspildu eða byggingarlóð, nema með samþykki bæjarstjórnarinnar. Af þessu telur hann leiða, að bæjarstjórnin geti hvernær sem er fengið byggingarlóðir og landspildur til umráða eftir eigin vild.

Hann telur, að matið á hinni teknu lóð hafi ekki farið löglega fram, og neitar að hlíta því og hefur neitað að veita matsverðinu móttöku og telur sig eiga heimtingu á jafnstórri lóð í staðinn, með því að missir lóðarinnar rýri eignina, og sá missir verði ekki bættur, nema með afhendingu jafnstórrar aðliggjandi lóðar.

Þá fullyrðir stefnandi, að eignin hafi rýrnað mjög í verði vegna þeirrar breytingar, sem áður er getið. Hefur hann leitt nokkur vitni í málinu, sem töldu eignina óhæfa til samkeppnisverzlunar eftir breytingarnar og ónotalegri til íbúðar. Hann fullyrðir, að mögulegt sé að færa húsið til á þess eigin lóð, þannig að það standi við hinn nýja veg og snúi forhlið að honum. Hann heldur því einnig fram, að gildandi skipulagsupphættur leyfi, að húsið standi þar við hinn nýja veg.

Í málinu hefur enginn skipulagsupphættur verið lagður fram og engin afstöðumynd af húseigninni Dagsbrún eða lóð þess, og yfirleitt er málið illa upplýst, þrátt fyrir löng skrif og mörg af sækjanda og verjanda. Allt að einu telur dómariinn ekki ástæðu til að taka mál þetta upp að nýju til þess að fá fyllri upplýsingar. Kemur það til af því, hvernig kröfum stefnanda er háttað og sem hann bersýnilega vill ekki haga á annan veg. Í málinu má það telja upplýst, að stefndur er ekki eigandi að lóð þeirri, er stefnandi krefst að fá í stað þeirrar lóðar, sem tekin var undir götu, og er þegar af þeirri ástæðu ekki unnt að taka þá kröfu hans til greina.

En auk þess verður að líta svo á, að stefnandi geti ekki, eins og hann gerir, krafizt nýrrar lóðar í skaðabætur fyrir hina teknu lóð, heldur geti hann aðeins átt rétt til peningaupphæðar. Sama máli gegnir um frumkröfu málsins, kröfuna um að stefndur verði dæmdur til að flytja húsið, sem einnig er sett fram og rökstudd sem skaðabótakrafa. En varðandi þá kröfu kemur einnig til greina, að samkvæmt byggingarsamþykkt Vestmannaeyja er ekki heimilt að flytja húsið, nema samþykki byggingarnefndar komi til, en af

málflutningi aðilja þykir mega leiða, að það samþykki sé ekki fyrir hendi. Verður því einnig að sýkna stefnanda af þeirri kröfu.

Varakröfu stefnandans, að stefndur verði dæmdur til að greiða kostnað við flutning hússins, þykir ekki heldur unnt að taka til greina þegar af þeirri ástæðu að ganga verður út frá, eins og áður er getið, að flutningur hússins sé ekki heimill, að minnsta kosti ekki eins og sakir standa.

Samkvæmt því, er nú hefur verið tekið fram, verður niðurstaða málsins sú, að stefndur verður sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Umboðsmaður stefnds hefur krafizt þess, að eftirfarandi ummæli í sóknarskjöllum stefnanda verði dæmd dauð og ómerk og stefnandi verði dæmdur í þá þyngstu refsingu, sem lög leyfa, fyrir þau:

„Enda hefur bæjarstjórn aldrei með þessu breytingabraski skeytt um fyrirmæli laga nr. 55 þann 27. júní 1921.“

„Þetta, að svara ekki bréfum, er glögg spegilmynd af þeim slóðaskap og því kæruleysi og ábyrgðarleysi, sem einkennir alla meðferð bæjarstjórnarinnar á þeim málum, sem bæinn varða.“

„Þetta er allt í samræmi hvað við annað gert til þess, að yfirgangssöm og ósanngjörn bæjar- eða sveitarstjórn geti ekki óátalið rænt borgara rétti til fullra bóta fyrir þann skaða og verðrýrnun eigna, er orsakast kann af hinum svonefndu „skipulagsbreytingum“, sem að minnsta kosti hér í bæ eru oft gerðar af litilli ráðdeild og framúrskarandi vanhyggju.“

„Álitur hann, að bæjarstjóri, löglærður eins og hann samkvæmt lögum á að vera og þar af leiðandi „menntaður maður“, eins og það er kallað, standi vel og sómasamlega í stöðu sinni,

1. ef hann sýnir litla eða enga ábyrgðartilfinningu fyrir starfi sínu og vanrækir á flestan hátt þau störf, er honum ber að vinna,

2. ef hann sem bæjarstjóri beitir sér fyrir óþörfum og miður löglegum ágangi á réttindi einstakra bæjarbúa og með því neyðir menn til málssókna á hendur bæjarfélaginu, bæjarstjórninni til varanlegrar vanvirðu og bænnum til fjártjóns.“

Fallast verður á, að ummæli þessi séu stórlega meiðandi, og þar sem þau hafa ekki verið réttlætt og málflutningur stefnds hefur ekki gefið tilefni til þeirra, þykir bera að dæma þau dauð og ómerk og refsa stefnanda fyrir þau.

Þykir refsingin hæfilega ákveðin 100 króna sekt í ríkissjóð, er stefnanda ber að greiða innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, og komi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd fyrir nefndan tíma, 5 daga varðhald.

Vegna anna dómarsans og lasleika hans hefur dómur í máli þessu ekki verið uppkveðinn fyrr en nú.

Því dæmist rétt vera:

Framangreind ummæli skulu dauð og ómerk. Stefnd, bæjarstjórn Vestmannaeyja f. h. bæjarsjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnandans, Gunnars Ólafssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Stefnandinn, Gunnar Ólafsson, greiði kr. 100.00 í sekt í ríkissjóð innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, og komi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd, 5 daga varðhald.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. marz 1945.

Nr. 135/1944. **Stjórnarnefnd ríkisspítalanna**

(Sigurður Ólason)

gegn

Hvammshreppi (Guðmundur Í. Guðmundsson).

Hreppsfélag krafist um greiðslu vistgjalds sjúklings á geðveikrahæli.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 6. nóv. 1944 og krafist þess, að stefndi, Hvammshreppur í Dalasýslu, verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 3937.80 með vöxtum eins og í héraðsdómi greinir svo og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi, Hvammshreppur, hefur krafist staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins. Þá hefur áfrýjandi og stefnt Fellsstrandarhreppi í Dalasýslu til réttargæzlu, en ekki gert neinar kröfur á hendur honum. Fyrirsvarsmaður Fellsstrandarhrepps hér fyrir dómi hefur krafist málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Stefndi, Hvammshreppur, ráðstafaði ekki sjúklingi þeim, er í málinu greinir, til dvalar á geðveikrahælinu á Kleppi, og ber hann því ekki af þeim sökum ábyrgð á greiðslu vistgjalds þess, sem í málinu er krafist.

Fyrirsvarsmann Hvammshrepps annars vegar og fyrir-